

Efnisyfirlit

1	INNGANGUR	2
2	ATHUGUN	2
2.1	SKARÐSÁ	2
2.1.1	<i>Fuglar</i>	3
2.2	“SKARÐSHRYGGJARMÝRI”	3
2.2.1	<i>Fuglar</i>	3
2.3	AÐRIR STAÐIR	4
3	NIÐURSTAÐA	4
	HEIMILDIR	4

1 Inngangur

Vegagerð ríkisins fór þess á leit vorið 2001 við Náttúrustofu Austurlands að kanna fuglalíf við veglínur frá Vegaskarði austur að Svartfelli norðan Möðrudals. Var það gert þann 24. júní sama ár.


2 Athugun

Þann 24. júní 2001 var hugað að fuglalífi með veglínunum frá Vegaskarði að Svartfelli með áherslu á vestasta hluta svæðisins, við Skarðsá og nafnlausu votlendisspildu á milli Skarðshryggjar og Skarðhryggsmels stutt austan vegamóta í Möðrudal. Ekið var austur að Svartfelli og kíkt yfir veglínur. Gegnir um 500 m á miðri leið en ekki talin ástæða til að ganga með þeim öllum þar sem þær sáust vel frá þjóðvegi og voru á gróðursnauðum svæðum. Veður var ágætt til fuglaathuganna, sunnan 3-4 vindstig, léttskýjað og hiti 12-15°C.

2.1 Skarðsá

Þar sem vegurinn kemur úr Vegaskarði eru tveir aðal möguleikar á vegstæðum í boði samkvæmt hugmyndum Vegagerðarinnar. Annars vegar að gera sneiðing í Vegahnjúkinn og fara yfir Skarðsá stutt sunnan við núverandi stað eða að taka sveig út með Sauðahnjúk og yfir Skarðsá um 300 m utan við núverandi brú.

Gengið var frá Möðrudalsvegamótum eftir fyrirhugaðri veglínu að Skarðsá. Landið er aðallega melar en einnig þurrlendi með víði og síðan eyri í ánni með gróðurræmu að austanverðu. Síðan haldið áfram norðan vegar með Skarðsánni. Þar er víðiflesja með hrossanál og krækilyngi næst ánni. Melur tekur við um 100 m frá henni og víkur gróðurlendið fyrir melnum þegar farið er upp með ánni.



1. mynd. Vegaskarð í júlí 2001. Hugsanlegar veglínur sýndar gróft með rauðum strikum. Ljósmynd. SGB.


2.1.1 Fuglar

Þrjár **heiðlóur** (*Pluvialis apricaria*) sáu á flugi stutt vestan Möðrudalsvegamáta og **snjótittlingur** (*Plectrophenax nivalis*) söng upp í Vegahnjúki. Við Skarðsánna innan vegar var ungalaust laumulegt **heiðagæspar** (*Anser brachyrhynchus*). Um 15 heiðagæsaheiður voru við Skarðsánna stutt suður af syðstu veglínun vorið 2003 (Vilhjálmur Vernharðsson).

Utan vegar var einn syngjandi **snjótittlingur** í undirhlíðum Sauðahnjúks. Þar eru allmiklir móbergsklettur utan við nyrstu veglínun og var drit þar á nokkrum stöðum en eigendur þess ekki sjáanlegir. Upp með ánni á austurbakka um 100 m frá línun var útleitt hreiður **heiðagæsar** (hnit: 6545001 1592175 hæð 453 mh.y.s.). Annað hreiður útleitt séð á vesturbakkanum aðeins ofar. Þekktur varpstaður **hrafns** (*Corvus corax*) og **fálka** (*Falco rusticolus*) er á þessum slóðum.

2.2 “Skarðshryggjarmýri”

Stutt austan við Möðrudalsvegamótin er all veglegt votlendi á milli Skarðshryggjar og Skarðhryggsmels. Liggur ein veglínun í gegnum þetta votlendi. Hún liggur norðarlega í því á milli stærstu tjarnanna í tjarnarflóa. Næst núverandi vegi er gróðurstykkið sendið og þurrt en deigt inn á milli og tjarnir á stangli. Á þurrari stöðum er hrossanál, krækilyng og grávíðir en á blautari starir og töluverður mosi.



2. mynd. Horft til suðvesturs norðan núverandi vegar við Skarðsbrygg í júlí 2001. Möguleg veglínun sénd gróft með rauðu striki. Ljós. SGP.

2.2.1 Fuglar

Álftapar (*Cygnus cygnus*) með 3 unga en dyngjan fannst ekki. **Heiðagæsapar** flaug yfir og seinna flugu 3 heiðagæsir upp úr votlendinu og hurfu svo ekki er líklegt að þær hafi átt eitthvað á svæðinu. Samkvæmt Vilhjálmum Vernharðssyni voru um 20 heiðagæsaheiður þar vorið 2003 og taldi hann álftavarp þar nær árvisst. Nokkrir **óðinshannar** (*Phalaropus lobatus*) voru á tjörnum og vellandi **lóuprælar** (*Charadrius alpina*) og bíandi **heiðlóur** á flugi yfir. Aðrir fuglar sem sáu á svæðinu voru varpleg **sandlóa** (*Calidris hiaticula*) í jaðri gróðurlendisins og nokkrir tístandi **þúfuttlingar** (*Anthus pratensis*).

2.3 Aðrir staðir

Eins og fyrr segir var annað land sem veglínurnar lágu um meira og minna einsleitir gróðurvana sandar og melar. Þrátt fyrir að horft hafi verið yfir þessi svæði og gengnir um 500 m sást enginn fugl. Helst má búast við að einstaka sandlóur nýti sér hluta þessa lands. Vilhjálmur í Möðrudal sagði nokkrar heiðagæsir verpa við grunnar tjarnir sem þorna á sumrum utan við Jökulkinn. Þessi hreiður eru líklega nokkuð utan veglína.

3 Niðurstaða

Ljóst er að veglínur þær sem skoðaðar voru hafa lítil sem engin áhrif á fugla nema á tveimur stöðum þ.e. við Skarðsá og í votlendinu vestan undir Skarðshrygg. Annars staðar liggja veglínurnar um gróðurvana sanda og mela þar sem fátt er um fugla. Um 6-800 m utan við brú á Skarðsá eru klettur þar sem fálki og hrafn hafa verpt en þessar tegundir báðar eru metnar í yfirvofandi hættu á Válista Náttúrufræðistofnunar Íslands (2000). Veglínan liggur þó 2-300 m frá klettunum en þessar tegundir yrðu óneytanlega síður fyrir truflunum ef vegurinn lægi sunnar.

Votlendið vestan undir Skarðshryggnum er eins og vin í eyðimörkinni. Þar verpir álf og tugir heiðagæsa auk algengra mó-/votlendisfugla. Er eindregið mælt til þess að veglínun verði hnikað til norðurs þar svo gróðurlendið skerðist ekki og truflun af vegi og umferð verði sem minnst á fugla.

Heimildir

Náttúrufræðistofnun Íslands 2000. *Válisti 2. Fuglar*. Náttúrufræðistofnun Íslands, Reykjavík.

Vernharður Vilhjálmsson, Möðrudal, munnl. uppl. 2. júní 2003.

NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS

Mýrargötu 10 740 Fjarðabyggð Sími 477-1774 Fax 477-1923 Netfang: na@na.is
Miðvangi 2 700 Egilsstaðir Sími 471-2813 Netfang na@na.is